



Handbók nýnema og forráðamanna



Virðing - Fjölbreytni – Sköpunarkraftur

Skólastjórnendur



Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir
Skólameistari
ghg@fb.is * 570 5611



Magnús Ingvason
Aðstoðarskólameistari
min@fb.is * 570 5613 og 862 7610



Berglind Halla Jónsdóttir
Áfangastjóri
bhj@fb.is * 570 5608



Ingibjörg Dis Geirsdóttir
Fjármálastjóri
idg@fb.is * 570 5605

Skrifstofan

Skrifstofa skólans er opin milli kl. 8:00 og 15:00 alla virka daga. Netfang skrifstofunnar er fb@fb.is, síminn er 570 5600 og heimasíða skólans er www.fb.is.

Náms- og starfsráðgjafar FB

Náms- og starfsráðgjafar hafa reglulega **viðtalstíma** auk þeirra sem hægt er að bóka fyrirfram. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans.

- Elísabet Vala Guðmundsdóttir, evg@fb.is
- Ólöf Helga Þór, ohth@fb.is
- Sesselja Pétursdóttir, sep@fb.is

Kennarar

Netföng kennara og annarra starfsmanna eru á heimasíðu skólans www.fb.is.

Umsjónarkennarar

Allir nýnemar fá sérstakan **umsjónarkennara**, sem kennir nemandanum einn áfanga á fyrstu námsönn. Nemendur geta leitað til umsjónarkennara með ýmis mál sem upp kunna að koma. Umsjónarkennarar veita nemendum aðhald varðandi mætingar, aðstoða við námsval, gerð námsáætla og veita mikil-vægar upplýsingar um skólastarfið. Hægt er að senda tölvupóst til umsjónarkennara á umsjon@fb.is.

Foreldraráð

Í skólanum starfar **foreldraráð**. Sæti í því eiga fimm forráðamenn nemenda við skólann og tveir vara-menn auk tveggja skoðunarmanna reikninga og tengiliðs við stjórnendur skólans. Hlutverk

foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann. Foreldraráð tilnefnir einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Tengiliður skólans við foreldraráð er Sesselja Pétursdóttir, sviðsstjóri nemendabjónustu. Netfang foreldraráðsins er foreldrarad@fb.is.


Bókasafn/tölvuver/námsver

Á bókasafni skólans er hægt að fá margþætta þjónustu, m.a. eru þar tölvur sem nemendur geta notað. Þórunn Snorradóttir, ths@fb.is, bókasafnsfræðingur veitir safninu forstöðu. Guðjón Ívarsson, kerfisstjóri er staðsettur á bókasafni alla daga frá kl. 9:30 til 12:30. Á bókasafninu er einnig starfandi námsver sem er opið á milli 8:00 og 16:00. Námsversstjóri er Sunneva Filippusdóttir, suf@fb.is – 570 5604.

Bókasafnið er opið mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8:00 til 18:00 og föstudaga frá kl. 8:00 til 15:00. **Lesstofa** er opin alla virka daga frá 08:00 - 22:00. Netfang bókasafns er: bokasafn.fb@fb.is.

Inna

Inna er **upplýsingakerfi** framhaldsskólanna. Þar er að finna almennar upplýsingar um hvern og einn nemanda, stundatöflu hans, námsferil og skólasókn. Þar er einnig hægt að fylgjast með einkunnum í áföngum, en kennarar setja inn einkunnir fyrir öll verkefni sem nemendur vinna. Forráðamenn nemenda 18 ára og yngri hafa aðgang að Innu. Slá þarf inn kennitölu (forráðamanns) og aðgangsorð er sent á netfang forráðamannsins. Sama á við um nemendur, þeir fara á inna.is og slá inn kennitölu sína og ýta á slóð þar fyrir neðan sem segir: Sækja nýtt lykilorð. Lykilorð verður sent í netpósti á netfang nemandans. Einnig er hægt að nota Íslykil til að komast inn á Innu.



Dreifnam.is

Dreifnam.is er sérstakur **kennsluvefur** sem notaður er í FB. Á vefnum er m.a. að finna kennsluáætlanir, verkefni, glósur og stuðningsefni fyrir flesta áfanga, fyrirmæli um heimavinnu, gagnvirk próf, verkefnaskil og ýmislegt varðandi dagleg samskipti kennara við nemendur. Þangað til nemendur verða 18 ára hafa forráðamenn aðgang að svæði þeirra á inna.is og dreifnam.is. Kennitala forráðamanna er notandanafn og aðgangsorðið fáíð þið sent á þann netpóst sem er skráður á ykkur sem forráðamenn í Innu.

Forvarnir/ Félagsmál

Andri Þorvarðarson, anth@fb.is og Kristín Guðrún Jónsdóttir, kji@fb.is kennarar eru **félagsmála- og forvarnafulltrúar** skólans. Skólinn hvetur nemendur til vímuefnalauss lífennis með áherslu á heilbriggt félagsstarf.

Skólasókn

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir í þeim áföngum sem þeir hafa í stundaskrá sinni og koma stundvíslega til kennslu. Nemandi sem er með yfir 95% mætingu fær A í skólasókn og eina einingu. Samhengi er á milli **góðrar skólasóknar og námsárangurs**. Til að fá niðurfellda fjarvistarskráningu vegna veikinda þarf foreldri eða forráðamaður ólögráða nemenda að skrá veikindin rafrænt í Innu, nemendabókhald skólans, fyrir kl. 12:00 samdægurs.

NFB

Nemendafélag skólans, NFB, vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. NFB fer með rödd nemenda gagnvart skólastjórnendum. Formaður og varaformaður sitja í skólaráði og formaður



er áheyrnarfulltrúi í skólanefnd. NFB heldur fjölmarga viðburði fyrir nemendur eins og t.d. nýnemakvöld, böll, kvikmyndakvöld, íþrótta-keppni, söngvakeppni, „paintball“-mót, tónleika, spilakvöld og margt fleira. Í mars hvert ár halda nemendur árshátíð og í tengslum við hana hefur oft verið sett upp viðamikil leiksýning. Nemenda-félagið heldur uppi fjölbreyttu

félagslífi og er reynt að höfða til sem flestra nemenda með einhverjum hætti, en innan félagsins eru starfræktar 11 nefndir. Allir ættu því að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og eru nemendur eindregið hvattir til þess að taka þátt í félagslífinu.

Meðlimir í NFB

Allir nemendur dagskólans eru sjálfkrafa meðlimir í nemendafélagi FB um leið og skólagjöld eru greidd. Aðild að NFB gefur nemendum ákveðin réttindi, þá aðallega afslátt af upptökum á vegum félagsins. Auk þess njóta félagar fríðinda sem nemendaráð hvers árs aflar, t.d. í formi afslátta hjá matsölustöðum og verslunum.

Umgengisreglur

Nemendum ber að sýna háttvísi og trúðmennsku í skólanum og þar sem komið er fram í nafni hans. Nemendur mæti stundvíslega í allar kennslustundir, virði verkstjórn kennarans og gæti þess að trufla ekki vinnufrið. Nemendur virði eigin skólanum, gangi snyrtilega um og skilji ekki eftir rusl. Valdi nemandi skemmdum ber honum að skýra tafarlaust frá því. Neysla matar og drykkja (utan vatns í lokuðum brúsum) er óheimil í kennslustundum, á bókasafni og við tölvur skólans.

Lífið í FB

Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að fylgjast með starfsemi skólans í máli og myndum á heimasíðu skólans (www.fb.is). Neðst á heimasíðunni eru tenglar á samskiptavefi eins og Facebook, Twitter og Instagram.

Reykingar, þ.m.t. rafrettur og önnur tóbaksneysla er óheimil í húsakynnum skólans og á lóð hans.

Óheimilt er að neyta, meðhöndla eða vera undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna í skólanum, á samkomum eða í ferðalögum á vegum hans.
